

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 9939/2018

Reykjavík, 6. mars 2019

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

I

Hér með tilkynnist að ég hef ákveðið að ljúka frumkvæðisathugun minni á verklagi lögreglu í tilvikum þegar einstaklingar sem eru vistaðir í fangageymslum eru taldir í sjálfsvígshættu. Athugun mína mátti rekja til þess að mér höfðu, allt frá árinu 2013, borist kvartanir og ábendingarum fleiri en eitt atvik þar sem einstaklingur sem var vistaður í fangageymslu lögreglu hafði verið verið talinn í sjálfsvígshættu og af þeirri ástæðu verið færður úr fötum og látinn dveljast klæðalítill eða klæðalaus í fangaklefa, jafnvel um nokkurn tíma, til þess að tryggja að hann gæti ekki skaðað sig. Í þessum tilteknu tilvikum hafði ekki verið kallað eftir lækni eða annarri aðstoð.

Þrátt fyrir að á þessum tíma hefði ríkissaksóknari beint þeim tilmælum til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að hugsanlega væri tilefni til þess að fara yfir verklag í þessum málum og að í skaðabótamáli á hendur íslenska ríkinu, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. október 2016, í máli nr. E-217/2016, hafi verið talið að rétt hefði verið að fara með tiltekinn einstakling við þessar aðstæður til læknis þegar eftir handtöku en vista hann ekki hálfnakinn í fangaklefa við óviðunandi aðstæður, héldu mér engu að síður áfram að berast sambærilegar ábendingar. Svo virtist því sem verklag lögreglu hefði ekki tekið breytingum frá því að niðurstöður ríkissaksóknara og héraðsdóms lágu fyrir.

Í ljósi framangreinds ákvað ég að kanna hvort lögregluembætti landsins hefðu sett sér verklagsreglur sem tryggðu að einstaklingar sem vistaðir væru í fangageymslum lögreglu og taldir í sjálfsvígshættu væru ekki beittir vanvirðandi meðferð og fengju þá aðstoð sem umrætt ástand kallar á. Þannig var lögregluembættum í öllum níu lögregluumdæmum landsins sent bréf, dags. 15. júní 2017, þar sem óskað var eftir upplýsingum um gildandi verklag þegar menn sem eru vistaðir í

fangageymslum embættisins væru taldir í sjálfsvígshættu. Samkvæmt þeim svörum sem mér bárust hafði ekkert lögregluembætti sett sérstakar skriflegar verklagsreglur um hvernig bregðast skuli við umræddum aðstæðum. Flest embættin vísuðu þó til þess að samkvæmt almennu verklagi væri haft samband við lækni í slíkum tilvikum og að menn væru hafðir undir sérstöku eftirliti. Þá var einnig víða nefnt að aukahlutir og fatnaður sem gætu skapað hættu væru fjarlægðir.

Eftir að öll lögregluembættin höfðu svarað erindi mínu barst mér ný ábending um að starfsmenn tiltekins lögregluembættis hafi snemma árs 2018 brugðist við sjálfsvígstilburðum manns sem vistaður var í fangageymslu með því að afklæða hann.

II

Í ljósi framangreinds ákvað ég að rétt væri að taka málið til formlegrar athugunar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Af því tilefni ritaði ég ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra bréf, dags. 31. desember sl. Þar rakti ég m.a. bann 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár Íslands og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) við pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og minnti á að með aðild sinni að samningum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins gegn pyndingum hefur íslenska ríkið jafnframt skuldbundið sig til þess að hindra að slík meðferð viðgangist hér á landi.

Í þessu sambandi benti ég á að það kunni að fela í sér ómannlega eða vanvirðandi meðferð að vista mann klæðalausan í fangaklefa í skilningi ofangreindra laga og alþjóðasamninga, sbr. t.d. dóm mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) frá 7. júlí 2011 í máli Hellig gegn Þýskalandi, þar sem slíkt athæfi var talið varða við 3. gr. MSE. Nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin) hefði jafnframt talið slíka meðferð óásættanlega.

Í fyrirspurnarbréfinu óskaði ég m.a. eftir því að ríkislögreglustjóri og dómsmálaráðherra lýstu afstöðu sinni til þess hvort þörf væri á samræmdum reglum fyrir lögregluembættin til að tryggja að einstaklingar sem eru vistaðir í fangageymslum og eru taldir í sjálfsvígshættu séu ekki beittir vanvirðandi meðferð og fái auk þess viðunandi heilbrigðisaðstoð. Ef svo væri þá hvort til stæði að aðhafast af því tilefni og með hvaða hætti. Væri ekki talin þörf á að aðhafast óskaði ég eftir afstöðu þeirra til þess hvort tilvitnuð framkvæmd samrýmdist þeim reglum stjórnarskrár Íslands, mannréttindasjónarmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins sem fela í sér bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Lögregluembættunum var sent afrit af bréfinu til upplýsingar auk ríkissaksóknara sem var, í ljósi aðkomu hans að umræddum málum,